



Alþingi
Erindi nr. Þ 135/1394
komudagur 13.2.2008

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Alþingi
b.t. viðskiptanefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 11. febrúar 2008

0802054SA /GB
Tilv.: 140


Efni: Umsögn um frumvarp til innheimtulaga

Frumvarpið barst Sambandi íslenskra sveitarfélaga til umsagnar með bréfi dags. 1. febrúar sl. Markmiðið með frumvarpinu er einkum að setja ákveðnar meginreglur um innheimtu gjaldfallinna peningakrafna til hagsbóta fyrir neytendur og draga úr óeðlilegum kostnaði skuldara við hvers kyns almennar innheimtuaðgerðir.

Að áliti sambandsins felur frumvarpið í heild í sér mikilvæga réttarvernd fyrir allan almennig. Má m.a. nefna ákvæði II. kafla frumvarpsins um skilyrði til að mega stunda innheimtu, III. kafla um samband innheimtuaðila og skuldara, svo sem um góða innheimtuhætti og innheimtuviðvörðun, og V. kafla um innheimtukostnað.

Þar sem frumvarpið tekur ekki til eigin innheimtu opinberra aðila á sköttum og gjöldum verður ekki séð að frumvarpið hafi í för með sér nýjar skyldur eða aukinn kostnað fyrir sveitarfélögin.

Virðingarfyllt
SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA


Guðjón Bráason
sviðsstjóri lögfræðisviðs